

BORGARRÁÐS 10. janúar 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttekt á Gröndalshúsi - R19010187

Flokkur fólksins leggur til að innri endurskoðun geri sambærilega úttekt á Gröndalshúsinu og gerð var á endurbyggingu braggans á Nauthólsvegi 100. Gröndalshúsið fór 198 milljónir fram úr áætlun. Leiða þarf til lykta hvort þetta verkefni eins og braggaverkefnið var stjórnlaust og uppfyllt af misferlum. Eftir því sem fram hefur komið hjá Innri endurskoðun er á borði skrifstofunnar úttekt á framkvæmdum við Mathöll Hlemmi, Sundhöll, Vesturbæjarskóla og hjólastíg við Grensásveg.